

Nd. **130. Frumvarp til laga** [76. mál]
um framlenging á III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnu-
veganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveg-
anna, skulu gilda til ársloka 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra. Einstakir nefndar-
menn hafa óbundnar hendur um málið. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Þar sem vafi leikur á því, að III. kafla nefndra laga gildi lengur en til ársloka
1949, þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og framlengja ákvæði kaflans
óbreytt.